

fríðhelgað svæði nema annað sé ákveðið. Þetta ber að hafa í huga m.a. þegar lagnaleiðir eru ákveðnar og þegar trjám verður plantað á svæðinu.

Minjastofnun gerir ekki athugasemd við tillögu að deiliskipulagi Rangársléttu í landi Leirubakka í Rangárþingi ytra eins og hún var kynnt stofnuninni með uppdrætti og greinargerð dags. 29.10.2020. Bent skal á að í 21. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) stendur m.a.:
Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem hljóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. Og á 2. mgr. 24. gr. sömu laga sem hljóðar svo: Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonunnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

Virðingarfyllst,
f.h. Minjastofnunar Íslands


Kristinn Magnússon
verkefnastjóri

Afrit sent: Skipulagsstofnun

Afrit sent í tölvupósti:

Skipulags- og byggingarfulltrúi (birgir@ry.is)